

## G J A L D S K R Á

### um greiðslur fyrir aukaverk presta.

#### 1. gr.

Aukaverk sóknarpresta eru hin sömu, er tíðkamt hafa samkvæmt fyrirmælum laga og venjum þjóðkirkjunnar.

#### 2. gr.

Fyrir aukaverk ber prestum greiðsla eins og hér segir:

1. Fyrir skráningu á nafni barns í ministerialbók ....	kr. 200.00
2. Fyrir fermingu ásamt undirbúningi .....	— 500.00
3. Fyrir hjónavígslu .....	— 400.00
4. Fyrir greftrun .....	— 400.00
5. Fyrir vottorð, er prestur gefur út í embættisnafni ..	— 50.00

Við ofanskráð gjöld bætist visitöluuppbót, hin sama og greidd er á laun starfsmanna ríkisins á hverjum tíma.

Prestur lætur ókeypis í té vottorð vegna meðlagsgreiðslu barna, vottorð um fjárhag fátækra manna og vottorð gefin samkvæmt beiðni sveitarstjórna, opinberra stofnana og annarra stjórnvalda. Enn fremur er prestli skylt að gefa ókeypis vottorð hlutaðeigendum um skírnir og hjónavígslur, er hann framkvæmir, enda sé þeirra vitjað til hans eigi síðar en viku eftir að athöfnin fór fram.

#### 3. gr.

Nú flytur prestur, samkvæmt beiðni, ræðu við hjónavígslu eða útför, og ber honum þá sérstök greiðsla fyrir það eftir ástæðum hlutaðeiganda, eins og tíðkamt hefur.

#### 4. gr.

Sá skal greiða, er verk er unnið fyrir. Sveitarstjórn greiðir fyrir styrkþega.

#### 5. gr.

Skylt er að veita presti fylgd honum að kostnaðarlausu, þegar hans er vitjað til aukaverka, svo og að greiða fararkostnað hans, ef nota þarf bát eða bifreið.

#### 6. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt lögum nr. 36 1931, gildir frá 15. desember 1969 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Með gjaldskrá þessari er úr gildi fallin gjaldskrá frá 31. marz 1966 um greiðslur fyrir aukaverk presta.

Verði breyting gerð á launum presta, skal gjaldskráin endurskoðuð.

*Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 15. desember 1969.*

**Jóhann Hafstein.**

Ásgeir Thoroddsen.